
Minnisblað

Dagsetning: 21. febrúar 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að takmörkunum í skólahaldi vegna COVID-19 frá og með 1. mars 2021

Þann 1. janúar 2021 tók gildi reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna COVID-19 og gildir hún til og með 28. febrúar 2021.

Á þessum tímamarki hafa náðst góð töl á faraldrinum hér á landi þar sem að einungis tvö tilfelli hafa greinst sl. 7 daga og voru bæði í sóttkví við greiningu. Síðasti einstaklingurinn greindist utan sóttkvíar þann 1. febrúar sl. Á sama tímabili greindust 8 einstaklingar á landmærum með virk smit. Ekki er þó hægt að fullyrða að landið sé „veirufrítt“ og því mikilvægt að viðhafa áfram varkárni í sóttvörnum.

Þann 19. febrúar sl. tók gildi reglugerð um hertar aðgerðir á landmærum sem ætlað er að takmarka enn frekar að smit berist hingað til lands. Það eru því góðar forsendur til að slaka enn frekar á takmörkunum innanlands og er reglugerð í undirbúningi þar að lútandi.

Að sama skapi tel ég góðar forsendur á þessum tíma til að slaka á takmörkunum í skólastarfi og legg því til eftirfarandi:

1. Gildistími nýrrar reglugerðar verði 1. mars 2021 til og með 30. apríl 2021.
2. Leikskólar:
 - a. Engar takmarkanir verði um hámarksfjölda barna í rými en 50 manna hámark fyrir fullorðna.
 - b. Blöndun milli hólfra verði leyfð.
 - c. Eins metra nálægðarmörk gildi og grímuskylda verði einungis fyrir fullorðna sem ekki geta uppfyllt nálægðarmörk.
 - d. Foreldrar og aðstandendur megi koma inn í skólabyggingu en skulu gæta að sóttvörnum og bera andlitsgrímur ef ekki er hægt að viðhafa 1 metra nálægðarmörk. Aðrir utanaðkomandi skulu ekki koma inn í skólabyggingu nema brýna nauðsyn beri til og þá með andlitsgrímu.

3. Grunnskólar:

- a. Fjöldatakmörk fyrir nemendur í hverju rými verði 150 nemendur á öllum aldurstigum grunnskóla.
- b. Fjöldatakmörk fyrir fullorðna í rými verði 50 manns og nálægðarmörk fullorðinna verði 1 metri. Þar sem ekki er hægt að viðhafa nálægðarmörk eða fjöldatakmörk verði grímuskylda fyrir fullorðna.
- c. Nemendur í 1.–10. bekk verði undanþegnir nálægðarmörkum sem og grímuskyldu.
- d. Félagsmiðstöðvar falli undir viðmið um íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarf.
- e. Blöndun milli hópa barna innan skóla verði leyfð í sundi og íþróttum.
- f. Skipulagt íþróttastarf verði heimilt með eða án snertingar.

4. Félagsmiðstöðvar:

- a. Sömu reglur og fyrir grunnskóla.

5. Tónlistarskólar:

- a. Starfsemi tónlistarskóla verði færð til samræmis við önnur skólastig.

6. Framhaldsskólar:

- a. Fjöldamörk fyrir nemendur í hverju rými verði 150 nemendur og gætt verði að 1 metra náandarreglu fyrir nemendur og starfsmenn. Ef ekki er unnt að viðhalda 1 metra náandarreglu verði skylt að nota andlitsgrímu.
- b. Umraða megi í hópum milli kennslutíma og lesaðstöðu en sótthreinsað verði milli hópa. Blöndun hópa verði heimil en aldrei fleiri en 150 manns í rými.
- c. Sameiginlegir snertifletir í kennslustofum skulu þrífir eftir hverja viðveru nemendahópa. Jafnframt skal þrifa sameiginlegan búnað og snertifleti a.m.k. einu sinni á dag og leggja áherslu á einstaklingsbundnar sóttvarnir.
- d. Að öðru leyti gildi óbreyttar leiðbeiningar.

7. Háskólar:

- a. Fjöldatakmörk í hverju rými verði 150 manns með 1 metra nálægðarreglu. Skylt verði að nota grímu ef ekki er hægt að viðhafa nálægðarmörk eða ef loftræsting er ekki góð.
- b. Sameiginlegir snertifletir í kennslustofum skulu þrífir milli nemendahópa.
- c. Í háskólum skal þrifa sameiginlegan búnað og snertifleti a.m.k. einu sinni á dag og leggja áherslu á einstaklingsbundnar sóttvarnir.
- d. Að öðru leyti gildi óbreyttar leiðbeiningar.